

57 unnar, Lagasafni, Hæstaréttardómum, skýrslum ríkisskólanna, Lögbirtingablaðinu, 29. des. prentuðum álitum milliþinganeftnda og öðrum opinberum skýrslum, er ríkið og stofnanir þess gefa út. Stofnanir þær, er gefa út rit þessi, skulu annast útsendingu þeirra.

9. gr.

Eigi er styrkhæft lestrarfélag með færri félagsmönnum en 10. Ef starfsemi lestrarfélags virðist vera í miklu ólagi, er fræðslumálastjóra heimilt að svipta það styrk, unz starfseminni hefir verið komið í viðunandi horf.

10. gr.

Kennslumálaráðuneytið setur nánari reglur um lestrarfélög og kennslukvikmyndasafn, sem styrks njóta samkvæmt lögum þessum.

Kennslukvikmyndasafnið er eign ríkisins, en í reglugerð skal ákveðið um íhlutun þeirra skóla og félaga, sem safnið nota, um stjórn þess og árstillög eða leigur fyrir myndir.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 31. desember 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

58

31. des.

L Ö G

um lántöku fyrir ríkissjóð.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka handa ríkissjóði lán, allt að 3 milljónum íslenskra króna, enda verði lánið tekið innanlands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 31. desember 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.